

Föstudaginn 25. júní 1993.

Nr. 273/1993. **Ewald Berndsen**

gegn

Othari Erni Petersen.

Kærumál. XVII. kafli laga nr. 91/1991. Skýrslutaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. júní 1993, sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1993, þar sem synjað var kröfu sóknaraðila um skýrslutöku fyrir dómi af fjórum tilgreindum mönnum.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og umbeðin skýrslutaka heimiluð. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Varnaraðili, Ewald Berndsen, greiði sóknaraðila, Othari Erni Petersen, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1993.

Í þinghaldi í málinu, sem fram fór 2. júní sl., þar sem til stóð, að aðalmeðferð málsins færi fram, óskaði stefndi, Ewald, eftir því, að eftirtaldir menn kæmu fyrir dóminn og gæfu þar skýrslu: stefnandi, Othar Örn Petersen, Þórarinn Tyrfingsson, stefndi Hendrik og Björgúlfur Guðmundsson.

Stefndi hugðist sanna með skýrslum þessara manna, að sameignarfélagið Von Handling, sem samþykkti víxil þann, sem mál þetta fjallar um, hafi

verið eða sé sameign þessara aðila ásamt stefnda, Ewald. Einnig hugðist stefndi, Ewald, sanna með skýrslum þessara manna fyrir dómi, að nafnrítun viðkomandi á víxillinn hefði átt sér stað á árinu 1985 og því sé víxilkrafan fyrnd á hendur sér, en það sé ein þeirra málsástæðna, sem málsvörn sín byggist á.

Ágúst Sindri Karlsson hdl., lögmaður stefnanda, mótmælti því, að framangreindir menn gæfu skýrslu í málinu, þar sem málið væri höfðað skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 og tilgangur skýrslutökunnar samræmdist ekki ákvæðum þessa kafla einkamálalaganna, sbr. 118. gr. þeirra. Krafðist hann úrskurðar dómara um það, hvort skýrslutakan skyldi heimiluð. Jafnframt lýsti hann yfir því f. h. umbj. síns, að víxillinn hefði verið áritaður með nöfnum þeirra aðila, sem á víxlinum eru, á árinu 1985, en óútfylltur að öðru leyti, og víxillinn hefði þannig verið afhentur Landsbanka Íslands.

Það er álit dómsins, að sú varnarástæða, sem stefndi, Ewald, hyggst sannreyna með skýrslutöku framangreindra aðila, komist ekki að með vísan til 118. gr. einkamálalaganna nr. 91/1991. Hér er um að ræða víxil, sem fullnægir formskilyrðum víxillaga nr. 93/1933. Samþykkjandi hans, Von Behandling, er, að því er virðist, sjálfstæður lögaðili, og gildir því einu, hvernig eignaraðild að félaginu kann að vera háttáð.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða er synjað um það, að umræddir menn komi fyrir dóm og gefi skýrslu í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ekki verður heimilað, að skýrsla verði tekin af framangreindum mönnum fyrir dómi.
